

stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt málskostnaðar sér til handa og jafnframt mótmælt kröfu stefnanda sem of hárrí.

Krafa stefnanda er vegna eftirlits við byggingu húss stefnda, nr. 19 við Langholtsveg hér í bæ.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að hann telur steypuvinnu á húsinu gallaða og að stefnandi beri ábyrgð á þeim galla. Gegn andmælum stefnanda hefur hann hins vegar engin rök fært fram fyrir þessari staðhæfingu sinni, og verða kröfur stefnanda því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 500,00.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Friðbert Friðbertsson, greiði stefnanda, Halldóri Halldórssyni, kr. 2.105,32 með 6% ársvöxtum frá 15. maí 1950 til greiðsludags og kr. 500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. september 1954.

Nr. 188/1952. **Stefán Valgeirsson** (Magnús Thorlacius)
gegn

Brandi Brynjólfssyni (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna vanrækslu við miðlarastarfsemi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1952 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Er það aðalkrafa hans, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 23.968,59 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 29.250,00 frá 3. maí 1947 til 7. maí 1951 og af kr. 23.968,59 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann annarrar lægri fjárhæðar eftir mati Hæstaréttar. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Hinn 24. apríl 1951 fór fram fjárnám eftir kröfu áfrýjanda, Stefáns Valgeirssonar, hjá þeim Þórarni Sæmundssyni og Sigurjóni Sigurðssyni til tryggingar fjárhæðum samkvæmt dóminum frá 11. október 1947, sem getið er í héraðsdómi, og reyndust fjárnámsgerðirnar árangurslausar. Fjárnámsgerðinni hjá Sigurjóni Sigurðssyni er áfátt að því leyti, að hann var ekki viðstaddur, er gerðin fór fram, og var hann aldrei krafinn sagna sjálfur um eignir sínar. En þar sem stefndi, Brandur Brynjólfsson, hefur ekki borið það fyrir sig í máli þessu, að innheimtutilraun áfrýjanda hafi verið ófullnægjandi, verður að leggja til grundvallar, að ekki hafi verið unnt að innheimta dómskuldina að neinu leyti.

Af gögnum málsins er ljóst, að stefndi, sem er lögfræðingur og hafði á hendi miðlarastarfsemi um sölu bifreiða, hefur sýnt mikla óaðgæzlu, er hann aðstoðaði áfrýjanda við sölu bifreiðar hans. Hann athugaði ekki, að Þórarinn Sæmundsson, sem bifreiðina keypti og gaf út veðskuldabréf, var þá ófjárráða og þessir gerningar hans því ógildir. Ekki verður heldur séð, að stefndi hafi grennslazt neitt eftir greiðslugetu ábyrgðarmannsins, Sigurjóns Sigurðssonar. Er óvíst, að áfrýjandi hefði samþykkt söluna, ef stefndi hefði gætt skyldu sinnar um að kynna sér og gera áfrýjanda ljóst, hvernig háttað var um kaupanda og ábyrgðarmann að þessu leyti. Veðskuldabréfið, sem stefndi samdi og Þórarinn gaf út með áritaðri ábyrgð Sigurjóns, er og villandi, að því er varðar heimild veðhafa til að leita fullnægju í veðinu, þar sem í bréfinu er vísað til lagaákvæða, sem ekki eiga við um veðsetningu á bifreiðum. Stefndi vanrækti einnig þinglýsingu veðskuldabréfsins. Loks sýndi stefndi vítavert skeytingarleysi um geymslu og umhirðu bifreiðarinnar, eftir að hún komst í hendur hans sökum vanskila Þórarins, en telja má víst, að bifreiðin hafi spillzt og fallið í verði vegna þeirrar vangeymslu. Hefur stefndi fellt á sig bótaskyldu gagnvart áfrýjanda með því að gæta ekki nægilega hagsmuna hans, hvorki við hina óhagkvæmu samningsgerð né eftir að bifreiðinni var skilað.

En þó að afskipti stefnda af sölu og meðferð bifreiðarinnar hafi verið með þeim hætti, sem hér var sagt, er einnig

á það að líta, að áfrýjandi var sjálfur mjög andvaralaus um að gæta hagsmuna sinna. Hann var viðstaddur samningsgerðina og mátti þá vera ljóst, að ekki lágu fyrir upplýsingar um greiðslugetu kaupanda og ábyrgðarmanns og að hann tók á sig mikla áhættu með því að afhenda bifreiðina, án þess að nokkur greiðsla færi fram. Honum varð og kunnugt um, að bifreiðinni var skilað aftur, en samt gerði hann enga tilraun til að hirða um hana og vernda hana fyrir spjöllum í því skyni að firra sig tjóni. Af þessum sökum þykir hann ekki eiga rétt til fullra bóta úr hendi stefnda. Má telja bætur þær, sem honum eru dæmdar í héraðsdómi, nægilega háar, og verður krafa hans um hækkun þeirra því ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu þykir mega staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Eftir atvikum er rétt, að hvor aðilja beri sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Hvor aðilja ber sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. maí 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. f. m., hefur Stefán Valgeirsson bóndi, Auðbrekku, Hörgárdal, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 19. júní f. á., gegn Brandi Brynjólfssyni héraðsdómslögmanni, Barmahlíð 18 hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 23.969,29, með 6% ársvöxtum af kr. 29.250,00 frá 3. maí 1947 til 7. maí 1951 og af kr. 23.969,29 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krafðist sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefndi *aðallega* sýknu, en *til vara*, að kröfur stefnanda yrðu lækkaðar. Jafnframt krafðist hann þess, að málskostnaður yrði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Í marzmánuði 1947 sneri stefnandi sér til Bílamiðlunarinnar hér í bæ, firma stefnda, með sölu bifreiðar sinnar, R. 4262. Bifreið þessi var fólksbifreið af svonefndri Dodge-gerð, ársgerð 1940. Kveður stefnandi sér hafa verið tjáð, að eins og sakir stæðu, seldust slíkar bifreiðar treglega, en það mundi breytast til batnaðar með vorinu.

Bílamiðlunin leitaði fyrir sér um kaupendur. Um mánaðamótin marz—apríl barst tilboð í bifreiðina frá Þórarni nokkrum Sæmunds-syni. Var fjárhæð þess kr. 30.000,00, og skyldi kaupverðið greitt með 1.000,00 króna afborgunum vikulega. Stefnandi gerði gagntilboð, að fjárhæð kr. 35.000,00, og kveður hann útborgun helzt hafa átt að vera kr. 15.000,00. Tókust samningar með stefnanda og Þórarni fyrir milligöngu Bílamiðlunarinnar á grundvelli gagntilboðs-ins, þó svo, að Þórarinn fengi gjaldfrest á öllu kaupverðinu. Fóru kaupin fram 5. apríl í skrifstofu Bílamiðlunarinnar. Jafnframt afsalaði stefnandi Þórarni bifreiðinni, en Þórarinn gaf út skuldabréf til handhafa fyrir öllu kaupverðinu, kr. 35.000,00. Skyldi það greitt með jöfnum afborgunum á næstu 35 vikum. Hin selda bifreið var sett að veði með 1. veðrétti til tryggingar greiðslum samkvæmt skuldabréfinu, og enn fremur ábyrgðist Sigurjón nokkur Sigurðsson skuldina sem sjálfskuldarábyrgðarmaður.

Þórarinn ók nú bifreiðinni frá bifreiðastöð í um það bil mánaðar-tíma. Greiddi hann fjórar afborganir af veðskuldabréfinu, hina síðustu 8. maí 1947. Að því er virðist um þetta leyti, veiktist Þórarinn, og greiddi hann engar afborganir af skuldabréfinu eftir það. Síðar um sumarið tók Bílamiðlunin bifreiðina í sína vörzlu.

Með stefnu, út gefinni 19. sept. 1947, höfðaði stefndi, sem hafði veðskuldabréfið til innheimtu, mál í eigin nafni gegn Þórarni og sjálfskuldarábyrgðarmanninum til greiðslu vangoldinna eftirstöðva þess. Gekk dómur í málinu 11. okt. s. á. með þeim úrslitum, að þeir Þórarinn og Sigurjón voru dæmdir til að greiða stefnda kr. 31.000,00 með vöxtum og kostnaði. Fékk stefndi endurrit af dóminum 10. febr. 1948, en lét ekki birta hann fyrr en 14. okt. 1948. Í febrúar 1948 krafðist stefnandi stefnda um eftirstöðvar andvirðis bifreiðarinnar að frá dreginni sölubóknun eða kr. 29.250,00 auk vaxta og kostnaðar. Kveður stefnandi, að í tilkynningu sinni um, að hann teldi stefnda bera ábyrgð á greiðslu eftirstöðva skuldabréfsins, hafi falizt uppsögn á umboði því, er stefndi hafi haft til innheimtu bréfsins. Stefndi neitaði að greiða og lýsti yfir 10. maí s. á., að þýðingar-laust væri að leita sætta í málinu fyrir sáttanefnd. Höfðaði stefnandi mál gegn honum til heimtu kröfunnar með stefnu, út gefinni 12. nóv. 1948. Með dómi 16. des. 1949 var stefndi sýknaður af kröfum stefnanda, en dóminum var skotið til Hæstaréttar, og féll dómur í málinu 8. des. 1950. Var stefndi sýknaður að svo stöddu, þar sem eigi væri reynt, að hve miklu leyti stefnandi kynni að geta fengið greiðslu samkvæmt dóminum frá 11. okt. 1947 hjá dómfellda, og eigi væri vitað, hvaða tjón stefnandi kynni að hafa beðið vegna vanrækslu stefnda á innheimtu skuldabréfsins. Hafði stefndi eigi framselt stefnanda dóm þennan og engar ráðstafanir gert til að fá dóminum fullnægt með aðför.

Með bréfi, dags. 8. des. 1950, krafðist stefnandi þess af stefnda, að hann framseldi honum margnefndan dóm frá 11. okt. 1947. Stefndi

sinnti ekki þeirri kröfu, en með dómi bæjarþings Reykjavíkur 13. marz f. á. var honum dæmt skylt að framselja dóminn. Framseldi fógeti síðan dóminn.

Við fjárnám, sem stefnandi lét gera hjá Þórarni Sæmundssyni og ábyrgðarmanni hans 24. apríl 1951 samkvæmt hinum framselda dómi, reyndust þeir báðir eignalausir. Að því er Þórarinn varðaði, var fjárnámið þó tekið upp af nýju, og greiddi stefndi stefnanda þá kr. 6.556,74. Var fé þetta þannig til komið, að framangreind bifreið hafði verið seld á nauðungarupphóði 16. des. 1948, að kröfu tollstjóra til lúkningar gjöldum. Seldist bifreiðin fyrir kr. 14.000,00, og þar af hafði stefndi veitt viðtöku fyrir hönd Þórarins kr. 11.585,00. Af þeirri fjárhæð tók stefndi samtals kr. 5.028,26, þ. e. a. s. kr. 1.750,00 í sölulaun af bifreiðinni, kr. 278,26 vegna kostnaðar við viðgerð hennar og kr. 3.000,00 í málflutningslaun í máli sínu gegn þeim Þórarni og Sigurjóni. Mismuninn greiddi hann stefnanda, sem fyrr segir.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi hafi með vanrækslu á innheimtu veðskuldabréfsins valdið sér tjóni, sem honum sé skylt að bæta. Sundurliðar stefnandi dómkröfu sína þannig:

1. Eftirstöðvar af söluverði bifreiðarinnar að frádregnum sölulaunum til stefnda	kr. 29.250,00
2. Kostnaður við fjárnám hjá Þórarni Sæmundssyni og ábyrgðarmanni hans	— 622,50
3. Innheimtulaun af innborgun	— 652,83
	Kr. 30.525,33
÷ Innborgun	kr. 6.556,74

Kr. 23.969,83(sic)

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi dregið óhæfilega lengi að höfða mál gegn kaupanda bifreiðarinnar og ábyrgðarmanni hans, enda hafi orðið algert og endanlegt greiðslufall á afborgunum í maí 1947. Þá hafi stefndi enn fremur, er hann höfðaði málið, eigi krafizt þess, að þeir yrðu dæmdir in solidum, eins og hann hefði þó átt að gera. Einnig hafi stefndi dregið óhæfilega lengi, eftir að dómur var fallinn, að fá endurrit af honum og láta birta hann. Hann hafi og aldrei látið gera fjárnám samkvæmt dóminum, og hann hafi ekki gefið stefnanda kost á að gera það með því að framselja dóminn, sem hljóðaði á nafn stefnda. Eftir að stefndi hafi tekið bifreiðina í sínar vörslur af kaupanda, hafi hann látið hana grotna niður í vanhirðu. Hafi hún verið geymd ölast úti og hafi hæði skemmt og ýmsu verið stolið úr henni. Þá hafi og stefndi vanrækt að láta skrá veðskuldabréfið í afsals- og veðmálabækur með þeim afleiðingum, að veðréttur stefnanda hafi glatazt.

Stefndi hefur eindregið andmælt því, að um nokkra vanrækslu hafi verið að ræða af hans hendi á innheimtu skuldabréfsins, enda

hafi allt, sem hann aðhafðist í þeim efnum, verið gert í samráði við stefnanda. Einnig hefur stefndi haldið því fram, að þótt svo yrði talið, að hann hefði vanrækt innheimtu skuldabréfsins, þá hafi sú vanræksla ekki valdið stefnanda neinu tjóni. Stefndi telur, að söluverð bifreiðarinnar til Þórarins Sæmundssonar hafi verið miklum mun hærra en eðlilegt markaðsverð. Hafi stefnanda, sem hafi sjálfur aðstoðað við söluna, tekizt að fá Þórarin til að ganga að þessu verði, með því að gjaldfrestur hafi verið veittur á öllu kaupverðinu. Bifreiðina telur stefndi hafa verið mjög lélega, og hafi hún verið orðin ógangfær eftir mánaðarakstur frá bifreiðastöð. Þegar Þórarinn, sem hafi verið eignalaus með öllu, hafi lent í vanskilum með greiðslu afborgana af skuldabréfinu, hafi hann viljað fallast á að gera upp skuld sína við stefnanda með því að skila honum bifreiðinni, þannig að greiddar afborganir yrðu ekki afturkræfar. Jafnvel hafi Þórarinn viljað fallast á að greiða stefnanda eitthvað meira til að gera upp viðskiptin. Kveðst stefndi hafa hvatt stefnanda til að taka bifreiðina aftur. Stefndi hafi þó ekki viljað ganga að því, þar sem hann hafi talið, að Þórarinn hefði skemmt bifreiðina mjög mikið og hún yrði ekki seld nema með miklum afslætti frá hinu fyrra kaupverði. Bílamiðlunin hafi mjög reynt að fá kaupanda að bifreiðinni, en ekki hafi tekizt að fá neinn til að kaupa hana fyrir það verð, sem stefndi hafi getað sætt sig við. Hafi staðið í þófi um þetta til hausts 1947, að dómur var fenginn fyrir eftirstöðvum skuldabréfsins. Eftir það hafi Þórarinn viljað bera fyrir sig, að hann hefði verið ófjárráða, er hann gerði kaupin um bifreiðina. Enn fremur hafi bæði hann og sjálfskuldarábyrgðarmaður hans lýst yfir eignaleysi sínu. Stefndi hafi verið kunnugt um þetta, en hann hafi þó eigi viljað ganga að því að taka aftur bifreiðina.

Þá hefur stefndi og eindregið andmælt, að sér hafi borið að annast þinglestur skuldabréfsins, þótt hann hefði það til innheimtu. Stefndi hafi sjálfur getað annast skrásetningu þess í veðmalabækur, ef hann hefði kosið. Hann hafi og aldrei greitt stefnda neitt fé til að standast kostnað af þinglestrinum. Loks telur stefndi, að stefndi hafi ekkert tjón heðið af því, að skuldabréfið hafi ekki verið þinglesið.

Kaup stefnanda og Þórarins Sæmundssonar um fyrrgreinda bifreið voru gerð fyrir milligöngu fyrirtækis stefnda, Bílamiðlunarinnar, og gengið var frá afsali og skuldabréfinu í skrifstofu þess með atbeina stefnda. Virðist stefndi þá þegar hafa tekið við skuldabréfinu til innheimtu. Verður að telja, að eins og á stóð, hafi honum borið að annast þinglestur skuldabréfsins, en ella vekja athygli stefnanda, sem er ólögfróður maður, á því, að nauðsynlegt væri að skrá skuldabréfið í veðmalabækur, til þess að veðrétturinn öðlaðist gildi gagnvart þriðja manni. Hins vegar hefur stefndi ekki leitt rök að því, að vanræksla á þinglestri bréfsins hafi út af fyrir sig valdið sér

tjóni. Verða honum því eigi dæmdar skaðabætur úr hendi stefnda af þeim sökum.

Samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins féll öll skuldin í gjalddaga, ef eigi var staðið í skilum með greiðslur vaxta og afborgana á tilteknum gjalddögum. Var hún því öll í gjalddaga fallin þegar í maí 1947. Stefndi reyndi síðan að leysa málið með samkomulagi stefnanda og kaupanda, þannig að stefnandi tæki bifreiðina aftur sem greiðslu eftirstöðva skuldabréfsins. Stefnandi hafði öðru hverju samband við stefnda út af þessum málum og virðist út af fyrir sig ekki hafa verið því mótfallinn, að Bilamiðlunin reyndi að selja bifreiðina aftur, ef nægilega hátt verð fengist fyrir hana. Hins vegar samþykkti hann aldrei að taka aftur við bifreiðinni. Er stefnandi tilkynnti stefnda í febrúar 1948, að hann vildi gera hann ábyrgan fyrir greiðslu eftirstöðva skuldabréfsins, bauðst stefndi ekki, svo að séð verði, til að framselja stefnanda dóminn á kaupanda bifreiðarinnar og ábyrgðarmann hans, og engar ráðstafanir gerði stefndi til að láta fullnægja dóminum að öðru leyti en því, að hann lét birta hann og það þó fyrst 12. okt. 1948. Þegar þetta allt er virt, verður að fallast á það með stefnanda, að stefndi hafi ekki haldið innheimtunni fram með hæfilegum hraða. Einnig verður að telja, að stefnda hefði verið rétt að höfða mál gegn kaupanda bifreiðarinnar og sjálf-skuldarábyrgðarmanni hans in solidum og í nafni stefnanda, sem var eigandi skuldarinnar.

Það er viðurkennt, að kaupandi bifreiðarinnar hafi verið ófjárráða og ábyrgðarmaður hans eignalaus. Hins vegar verður ekki séð, að stefndi hafi tekizt á hendur ábyrgð gagnvart stefnanda á greiðslugetu kaupanda og ábyrgðarmannsins. Ósannað er, að Þórarinn sjálfur hafi átt eignir, sem gengið yrði að til fullnustu kröfu stefnanda, aðrar en margnefnda bifreið. Verður því ekki talið, að stefnandi hafi orðið fyrir frekara tjóni vegna vanrækslu stefnda á innheimtu skuldabréfsins heldur en því, sem upphöðsandvirði hennar hinn 16. des. 1948 reyndist lægra en orðið hefði, ef innheimtunni hefði verið haldið fram með hæfilegum hraða. Og ekki hefur stefnandi leitt rök að því, að það hafi út af fyrir sig valdið honum tjóni, að stefndi höfðaði málið gegn Þórarni og ábyrgðarmanninum í eigin nafni og stefndi þeim ekki in solidum.

Fram er komið í málinu, að eftir að stefndi hafði tekið bifreiðina af kaupanda, var geymslu hennar ábótavant. Fyrst var hún geymd ólæst og án eftirlits fyrir utan hús eitt í Þverholti hér í bænum. Nokkru síðar kveður stefndi, að maður nokkur hafi komið til sín og tjáð sér, að farið væri að stela úr bifreiðinni, og óskað eftir, að hún yrði flutt á stað, þar sem hún yrði ekki rýrð meira, þar eð hann hefði áhuga á að kaupa hana. Kveðst stefndi hafa falið manni þessum að flytja hana á öruggan stað, og hafi hann flutt hana á bifreiðaverkstæði eitt hér í bænum, sem annazt hafi gæzlu hennar. Stefndi hefur þó ekki mótmælt, að bifreiðin hafi verið geymd úti, og ósannað er,

að nokkurt eftirlit hafi verið haft með henni. Enn fremur viðurkenndi stefndi og við flutning málsins, að eftir að hann hefði tekið við bifreiðinni af kaupanda, hefði einhverju verið stolið úr henni, og taldi, að þar hefði verið um að ræða rafgeymi o. fl. Eins og fyrr segir, hefur vanræksla stefnda á innheimtu skuldabréfsins samfara verðryrnun á bifreiðinni valdið stefnanda tjóni. Með tilliti til þess, hvernig háttáð var geymslu og meðferð bifreiðarinnar, meðan hún var í vörzlu stefnda, er það álit dómsins, að tjón stefnanda, það er stefndi ber ábyrgð á, hafi numið kr. 12.000,00.

Eftir öllum málavöxtum þykir ekki efni til að dæma stefnda til að greiða stefnanda kostnað, að fjárhæð kr. 622,50, við fjárnám hjá Þórarni Sæmundssyni og ábyrgðarmanni hans. Að því er varðar kröfu stefnanda um innheimtulaun, að fjárhæð kr. 652,83, af innborgun frá stefnda, þá verður tillit tekið til þess kröfuliðar við ákvörðun málskostnaðar.

Stefnandi hefur mótnælt gagnkröfum þeim, sem stefndi hefur talið sig eiga og tekið sér greiðslu á af uppboðsandvirði bifreiðarinnar.

Að því er varðar sölulaun stefnda af bifreiðinni, að fjárhæð kr. 1.750,00, heldur stefnandi því fram, að stefndi hafi heitið, að þau þyrfti ekki að greiða fyrr en af síðustu afborgunum. Ekki verður þó talið, að þótt þannig hafi samizt með málsaðiljum, felist í því eftirgjöf stefnda á sölulaununum, ef kaupverðið innheimtist ekki að fullu. Og ekki verður heldur litið svo á, að hann hafi fyrirgert sölulaununum, þótt hann síðar vanrækti innheimtu skuldabréfsins.

Að því er tekur til málflutningslauna stefnda, að fjárhæð kr. 3.000,00, vegna máls þess, er hann höfðaði gegn Þórarni Sæmundssyni og ábyrgðarmanni hans, þá ber þess að gæta, að með dóminum í því máli fékkst aðfararheimild gegn kaupanda bifreiðarinnar og ábyrgðarmanninum. Að vísu gerði stefndi ekkert til að láta fullnægja dóminum, og stefnandi varð að fá hann dæmdan til að framselja dóminn og láta síðan fógeta framselja hann. Stefnanda var hins vegar dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í því máli. Þegar þetta allt er virt, þykir stefndi eiga rétt til málflutningslaunanna.

Stefndi hefur engin rök fært fyrir því, að hann hafi greitt viðgerðarkostnað framangreindrar bifreiðar, að fjárhæð kr. 278,26. Fjárhæð þessa tók hann af uppboðsandvirði bifreiðarinnar, og ber honum því að endurgreiða stefnanda hana.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 12.278,26 (kr. 12.000,00 + kr. 278,26) með 6% ársvöxtum. Þykir rétt að miða upphafstíma vaxtanna við 16. des. 1948.

Eftir atvikum þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 2.000,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómsmönnum Gunnari Gunnarssyni verkstjóra og Hjörleifi Jónssyni bifreiðæftirlitsmanni.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Brandur Brynjólfsson, greiði stefnanda, Stefáni Valgeirssyni, kr. 12.278,26 með 6% ársvöxtum frá 16. desember 1948 til greiðsludags og kr. 2.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. september 1954.

Nr. 176/1953. **Ákærvaldið** (Einar Arnórsson)

gegn

Grétari Þórarni Vilhjálmsyni

(Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Bifreiðarslyssmál. Brottfall refsingar sakir geðbilunar sakbornings.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að máli þessu var áfrýjað, hefur að tilhlutan Hæstaréttar verið borin undir Læknaráð skýrsla Helga yfirlæknis Tómassonar, dags. 26. júlí 1952, um geðheilsu ákærða. Álitsgerð Læknaráðs, dags. 23. apríl 1954, um skýrslu yfirlæknisins hefur verið lögð fram í Hæstarétti, og er ályktarorð ráðsins svo hljóðandi:

„Læknaráð fellst á niðurstöðu dr. med. Helga Tómassonar um, að ákærði hafi ekki verið geðveikur, er slysið henti hann. Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, telur ráðið ekki unnt að skera úr því, hvort ákærði sé hæfur til að taka út refsingu nú eða verði það síðar.“

Þá hefur verið lögð fram við flutning málsins í Hæstarétti skýrsla Helga yfirlæknis Tómassonar, dags. 18. júní 1954, um geðheilsu ákærða eftir 26. júlí 1952, og er niðurlag þeirrar skýrslu svo hljóðandi:

„Álit mitt á Grétari Þórarni Vilhjálmsyni er þetta:

Hann er haldinn þungum, vefrænum geðsjúkdómi.

Hann læknaðist af þeim sálrænu sjúkdómseinkennum, sem hann hafði á Kleppi 1952, en vefrænu geðsjúkdómseinkenn-